

Hugað að öryggi á norðurslóðum

● Öryggi skemmtiferðaskipa ofarlega á baugi í alþjóðlegu samstarfi sem Landhelgisgæsla Íslands á aðild að ● Atvikið fyrir utan Grænland ágæt áminning um hversu viðamiklar aðgerðirnar geta verið

Kristján Jónsson
kris@mbl.is

Strand skemmtiferðaskipsins Ocean Explorer á dögnum í Alþafirí á Grænlandi kallar á spurningar um getu björgunaraðila til að sinna slíkum verkefnum. Ekki síst ef enn stærri skemmtiferðaskip lenda í vandræðum, til dæmis við Íslandsstrendur.

Landhelgisgæslan hefur verið í alþjóðlegu samstarfi síðustu fimm árin þar sem meðal annars er horft til þess hvernig bregðast þurfi við ef skemmtiferðaskip lenda í vandræðum á norðurslóðum.

„Til þessa samstarfs var stofnað árið 2018 og björgunarmiðstöðin í Norður-Noregi átti frumkvæðið. Samstarfið gengur út á að þjóðir í norðurhluta Evrópu vinni saman að því að auka siglingaöryggi í Norður-Atlantshafi, sérstaklega með skemmtiferðaskip í huga. Að þessu koma björgunaraðilar, háskólasamfélagið, útgerðir skemmtiferðaskipa, tæknifyrirtæki og fleiri hagsmunaaðilar. Við höfum byggt upp traust, aukileg upplýsingaflæði á milli aðila, stýtt boðið og haldið æfingar með það fyrir augum að auka öryggi þessara skipa á norðurslóðum,“ segir Auðunn Kristinnsson, framkvæmdastjóri aðgerðasviðs hjá gæslunni, í samtali við Morgunblaðið.

Almennt er Landhelgisgæslan í



Morgunblaðið/Egger

Landhelgisgæslan Varðskipið Þór var í biðstöðu á dögnum vegna skemmtiferðaskipsins Ocean Explorer.

með samkiptum við Dani, Norðmenn og Færeyinga en fleiri þjóðir koma að þessu samstarfi.

Ráðstefna í Reykjavík

Fyrir helgi var til að mynda ráðstefna í Reykjavík á vegum þessara samstarfsaðila. Samstarfið gengur undir nafninu ARCSAR sem stendur

fyrir Arctic and North Atlantic Security and Emergency Preparedness Network.

„Í fyrsta lagi geta forvarnir skipt máli með meira upplýsingaflæði, betri sjókortum, skýrari reglum um hvar má sigla og fleira. Skemmtiferðaskipin þurfa að vita hvað við getum gert ef eitthvað kemur upp á og við þurfum

um að vita hvað skemmtiferðaskipin geta gert. Til dæmis til að aðstoða hvert annað. Við æfum því saman og þessi aukna tenging á milli aðila gæti skipt miklu máli,“ útskýrir Auðunn og nefnir atvikið á dögnum sem dæmi. „Þegar óhappið varð í Alþafirí á dögnum gátum við hringt beint í okkar tengiliði hjá þessum útgerðum

og samtökum skemmtiferðaskipa til að fá upplýsingar beint í æð en ekki í gegnum milliliði. Tengingarnar gera það að verkum að ferlið er miklu þægilegra og hlutirnir ganga betur fyrir sig.“

Verkefnið var víðráðanlegt

Er atvikið fyrir utan Grænland ekki áminning um hvað björgunaraðgerðirnar geta verið snúnar og stórar í sniðum ef eitthvað fer úrskjóðis hjá skemmtiferðaskipunum?

„Jú, það má segja að þetta hafi verið mjög góð áminning. Í þessu tilfalli var veður gott og skipið tiltölulega lítið miðað við mörg skemmtiferðaskip. Þar af leiðandi var hægt að draga það út án þess að stærri skip þyrftu að koma á vettvang. Verkefnið var víðráðanlegt en við höfum meiri áhyggjur af skipum sem eru margfalt stærri en það sem lenti í vandræðum um daginn,“ segir Auðunn en fjórir skemmtiferðaskipa sem heimsækja Ísland hefur verið talsvert í umræðunni í sumar.

„Við erum ágætlega búin til að hjálpa skipi af þessari stærðargráðu en ef þetta hefði verið stórt skip, með þessu aukna tenging á milli aðila gæti skipt miklu máli,“ útskýrir Auðunn og nefnir atvikið á dögnum sem dæmi. „Þegar óhappið varð í Alþafirí á dögnum gátum við hringt beint í okkar tengiliði hjá þessum útgerðum

Greiðsluáskorun

Innheimtumenn ríkissjóðs skora hér með á gjaldendur eftirtalinna gjalda að gera skil nú þegar eða í síðasta lagi innan 15 daga frá dagsetningu áskorunar þessarar:

Gjöldin eru: Staðgreiðsla tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds sem fallið hefur í eindaga til og með 15. september 2023, virðisaukaskattur sem fallið hefur í eindaga til og með 5. september 2023 og önnur gjaldfallin álöggð gjöld og ógreiddar háekkanir er fallið hafa í eindaga til og með 15. september 2023, á staðgreiðslu tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds, virðisaukaskatti, virðisaukaskatti í tolli, vanskilum launagreiðenda á gjöldum í og utan staðgreiðslu, fjármagnstekjuskatti á skilaskylda aðila, áfengisgjaldi, bifreiðagjaldi, úrvinnslugjaldi, olíugjaldi, kílómetragjaldi, gistináttaskatti, fjársýsluskatti, vinnuettirlitsgjaldi, vörugjaldi af innlendra framleiðslu, vörugjaldi af ókutækjum, eftirlitsgjöldum, árgjöldum, aðflutningsgjöldum, skilgjaldi á umbúðir, fasteignagjöldum, skipulagsgjaldi, skipagjöldum, jarðarafgjaldi, sektum skatttrannsóknarstjóra, ofgreiddri uppþót á eftirlaun, ofgreiðslu stuðnings úr ríkissjóði vegna greiðslu hluta launakostnaðar á uppsagnarfresti, eftirlitsgjaldi Fjármálaeftirlitsins, árgjaldi handhafa markaðsleyfis, veiðigjaldi og álöggðum þing- og sveitarstjóðsgjöldum, sem eru:

Tekjuskattur og útsvar ásamt álagi á ógreiddan tekjuskatt og útsvar, útvarpsgjald, gjald í framkvæmdasjóð aldraðra, slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa, auðlegðarskattur og viðbótar auðlegðarskattur, fjármagnstekjuskattur ásamt álagi á ógreiddan fjármagnstekjuskatt, ógreiddur tekjuskattur af reiknuðu endurgjaldi ásamt álagi, búnaðargjald, sérstakur fjársýsluskattur, sérstakur skattur á fjármálaþyrirtæki, jöfnunargjald alþjónustu, ofgreiddar barnabætur og ofgreiddar vaxtabætur.

Fjárnáms verður krafist án frekari fyrirvara að þeim tíma liðnum fyrir vangoldnum eftirstöðvum gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði, sem af innheimtu skuldarinnar kann að leiða, á kostnað gjaldenda.

Athygli skal vakin á því að auk óþæginda hefur fjárnám í för með sér verulegan kostnað fyrir gjaldanda. Fjárnámsgjald í ríkissjóð er 13 þúsund kr. fyrir hvert fjárnám. Eru gjaldendur hvattir til að gera full skil sem fyrst til að forðast óþægindi og kostnað.

Pá mega þeir gjaldendur, sem skulda staðgreiðslu, staðgreiðslu tryggingagjalds, vörugjald, aðfreginn fjármagnstekjuskatt, áfengisgjald, fjársýsluskatt, gistináttaskatt og virðisaukaskatt, búast við því að starfsemi þeirra verði stöðvuð án frekari fyrirvara, þeir gjaldendur er skulda bifreiðagjöld og kílómetragjald mega eiga von á að skráningarnúmer verði tekin af ókutækjum þeirra án frekari fyrirvara og þeir gjaldendur sem skulda gjöld þar sem löggæðingur mega búast við að send verð út sérstök greiðsluáskorun fyrir gjaldföllnum kröfum. Greiðsluáskorunin hefur ekki áhrif á þessi innheimtuáæði þannig að fyrrgreindur 15 daga frestur frá dagsetningu áskorunar þessarar gildir ekki í þessum tilvikum.

Reykjavík, 16. september 2023

Ríkisskattstjóri
Sýslumaðurinn á Vesturlandi
Sýslumaðurinn á Vestfirðjum
Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra
Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra

Sýslumaðurinn á Austurlandi
Sýslumaðurinn á Suðurlandi
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum
Sýslumaðurinn á Suðurnesjum



Morgunblaðið/sísi

Kirkjusandur Íslandsbankahúsið hefur látið verulega á sjá síðustu árin.

Heimilað að rífa Íslandsbankahús

● Íbúðarhús munu rísa á lóðinni

Sigtryggur Sigtryggsson
sisi@mbl.is

Byggingafulltrúi Reykjavíkur hefur veitt leyfi til að rífa Íslandsbankahúsið á Kirkjusandi 2. Það var sem kunnugt er dæmt ónýtt vegna myglu.

Á fundi byggingafulltrúa hinn 12. september sl. var tekin til afreiðslu ósk um niðurrif á húsinu, sem er 6.916 fermetrar að stærð.

Erindið var samþykkt en samþykki heilbrigðiseftirlits áskilið sem og lokaáttækt byggingafultrúa. Tekið er fram í bókun að erindinu hafi fylgt yfirlit yfir flokkun framkvæmdaúrgangs. Þegar embættismenn fjölluðu um ósk um niðurrif á fyrri stigum var meðal annars tekið fram að slíkt yfirlit vantaði.

Kirkjusandur 2 er hús af þeirri stærðargráðu að gifurlegt magn efna fylgir niðurrifinu og því þarf að farga.

Íslandsbankabyggingin var upphaflega frystihús, sem reist var á árunum 1955-1962 af hlutafélögum Júpítar og Mars. Frystihúsið var síðar innréttað sem skrifstofuhús fyrir aðalstöðvar

Sambands íslenskra samvinnufélaga (SÍS). Síðast voru þarna aðalstöðvar Íslandsbanka til ársins 2017. Húsið var þá dæmt ónýtt vegna myglu og Íslandsbanki flutti í Kópavog.

Niðurrif hússins hefur dregist af ýmsum ástæðum. Nágrannar hafa þrýst á niðurrif enda getur hætt fylgt niðurníðum stórhýsum. Á form er um byggingu fjölbýlishúsa á lóðinni í takti við aðra uppbyggingu á Kirkjusandi. Borgarráð samþykkti í febrúar 2023 breytingu á deiliskipulagi Kirkjusands vegna lóðarinnar nr. 2. Í henni fölst breytt landnotkun og byggingarmagn.

Lóðarhafi Kirkjusands 2, fjárfestingarsjóðurinn Langbrók, sem er félag í eigu Íslandsjóða, efndi til samkeppni um nýtt deiliskipulag fyrir lóðina. Úrslit voru kunngjörð sumarið 2020 og hlaut tillaga arkitektastofunnar Kurt og pí fyrstu verölaun.

Heimilt verður að byggja 27.100 fermetra ofan jarðar og 23.900 m² neðan jarðar (bilastæðahús). Leyflegt heildarbyggingarmagn verður því 51.000 fermetrar. Heimilaður heildarfjöldi íbúða verður 225.